

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

10. september 2015

**Ágætu foreldrar/forráðamenn.**

Ýmislegt skemmtilegt hefur verið gert til að brjóta upp skólastarfið og efla tengsl nemenda, jafnt innan starfsstöðvarinnar okkar hér og við hinar stöðvarnar á Hólum og Sólgorðum. Nemendur 5.-7. bekkjar í öllum skólanum fóru í gistiferð á Reykjastönd og einnig fóru nemendur 8.-10. bekkjar í vel heppnaða ævintýraferð.

**Skógardagurinn 16. september.**

Miðvikudaginn 16. september verður hinn árlegi Skógardagur 1. – 7. bekkjar haldinn á Hólum en þar verða allir skólarnir þrír saman komnir. Á þessum degi er nærumhverfið á Hólum nýtt til kennslu.

**Útivistareglur.**

Skólinn vill vekja athygli á breyttum útivistartíma barna. Þann 1. september breyttust útivistareglurnar en börn 12 ára og yngri mega lengst vera úti til kl. 20 og börn 13 til 16 ára mega vera lengst úti til kl. 22. Verulegur árangur hefur náðst síðustu ár í að draga úr áhættu hegðun barna og unglinga og má ekki síst rekja það til þess að foreldrar hafa staðið saman og virt útivistarreglurnar.

**Heimasíðan [www.gsh.is](http://www.gsh.is)**

Heimasíða skólans er komin með marga nýja þætti inn á síðuna til að skoða, svo sem twitter, mynd augnabliksins, skoðanakannanir o.fl. Skólinn ætlar að vera duglegur að setja inn myndir af skólastarfinu og upplýsa um skemmtilega hluti sem gerðir eru í skólanum.

**Samræmd próf**

Samræmd próf verða í vikunni 21.-25. september og er tímasetning þeirra sem hér segir:

Dagsetning	Fag	Bekkur
Mánudagur 21. sept.	Íslenska	10.
Þriðjudagur 22. sept.	Enska	10.
Miðvikudagur 23. sept.	Stærðfræði	10.
Fimmtudagur 24. sept.	Íslenska	4. og 7.
Föstudagur 25. sept	Stærðfræði	4. og 7.

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu. Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi prófdagana og eru forráðamenn barna vinsamlega beðnir um að sýna því skilning. Einkunnir nemenda verða sendar til skóla um miðjan október og í framhaldi af því eiga forráðamenn að fá einkunnir barna sinna sendar heim frá skólunum. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað er að meta námsstöðu nemenda. Nemendur 10. bekkjar hafa val um það hvort þeir sækja tíma skv. stundaskrá eftir hádegi á mánudag og þriðjudag eða nýta tímann til undirbúnings. Ekki er boðið upp á skólaakstur fyrr en hefðbundnum skóla er lokið.

*Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi*